

# SÍÐUJÖKULL Á FLUGFERÐ

Oddur Sigurðsson,  
*Orkustofnun,*  
*Grensásvegi 9, 108 Reykjavík*

Í byrjun árs 1994 fréttist að mikið rask væri á Síðujökli. Yfirborð jökulsins var orðið mjög óslétt og sprungið. Þann 4. janúar varð gæslumaður vatnshæðarmælis í Djúpá í Fljótshverfi var við að nokkuð hafði vaxið í ánni og hún skyndilega orðið skolgrá. Var áður á henni lítill litur sem vant er um jökulvatn að vetri.

Í fáein ár höfðu starfsmenn Raunvísindastofnunar Háskólans fylgst með því að jökullinn herti á skriði sínu. Var búist við að jökullinn ryddist fram í jaðarinn fyrr en síðar, um 1 km eða svo, eins hann hafði gert bæði 1934 og 1963-64. Eflaust hefur þetta gerst oft áður en ekki eru til neinar sagnir af því.

Þegar flogið var yfir jökullinn til athugunar 7. janúar 1994 leyndi sér ekki að lokapáttur þessarar atburðarásar var hafinn (sjá forsíðumynd). Í hálfhring nokkurn veginn samsíða fremsta jökul-jaðrinum hafði risið mikil bylgja um 70 m há sem færðist fram u.þ.b. 20 m á sólarhring. Ekki brotnaði jökulyfirborðið mikið við að bylgjast svona upp, en þar sem einhver ójafna var í undirlagi jökulsins kom fram missmíði á jökulyfirborðinu og sprakk þá jafnan talsvert fyrir. Á myndinni sést einn slíkur staður gjörlla. Skammt upp af upptökum Djúpár hafði árin á undan komið upp jökulsker. Á þessu skeri braut nú jökullinn með grængolandi lit í sárið.

Framskriðsbylgjan virðist vera hindrun fyrir vatnsrennsli undir jöklinum þannig að neðan hennar kemur ekkert gruggugt vatn fram sem tengist þessu hraða skriði jökulsins. Grugguga vatnið hefur hér brotist út undan jaðrinum við enda bylgjunnar og nær sér fram í Djúpá þegar þessi mynd er tekin, enda áin orðin skolgrá í byggð 3 dögum áður. Mánuði seinna dökknaði svo liturinn á Hverfisfljóti og enn leið annar mánuður þar til gruggið náði sér fram í Brunná.

Tæpir 2 mánuðir liðu þar til allur jaðar jökulsins var kominn á hreyfingu. Tæpum tveim mánuðum eftir það var framskriði að mestu lokið. Jökullinn átti þá eftir að sjatna mikið og hníga til, þótt þess gætti lítið við jaðarinn, en miklar breytingar urðu á yfirborði hans t.d. við Pálsfjall frá því síðla vetrar fram á haust.

Jöklarannsóknafélagið hefur staðið fyrir mælingum á sporði Síðujökuls síðan hann hljóp síðast fram 1964. Mælistaðirnir eru tveir og báðir við upptök Brunnár. Á þessum þrem áratugum sem mælingarnar hafa staðið hogaði jökullinn annars vegar 1367 m og 1278 m hins vegar. Á þessum stöðum skreið hann nú fram um 1160 m og 1117 m. Bendir það til þess að jökullinn hafi ekki aukið rúmmál sitt á þessu 30 ára tímabili og jafnvel minnkað. Jökullinn sem þarna fór af stað með svona miklum gauragangi náði upp undir hlíðar Grímsfjalls að vestan. Hann er rúmlega 500 km<sup>2</sup> að flatarmáli.

## THE RECENT SURGE OF SÍÐUJÖKULL

In early January 1994, people noticed that Síðujökull, one of the outlet glaciers of SW-Vatnajökull, had suddenly started surging. A bulge, 70 m high, was observed to propagate at the speed of 20 m per day downglacier (see the coverpage). When the bulge reached the glacier front, Síðujökull started to advance and moved forward by about 1160 m, in less than 4 months. Síðujökull is known to surge with 30 years interval; previous surges being in 1934 and 1963-1964. The glacier snout retreated 1367 m in 1964-1993. The total area of the outlet is 500 km<sup>2</sup>.